

Húnavatnshreppur
Börkur Þór Ottósson
Húnavellir
541 Blönduós

Reykjavík, 24. janúar 2024
UST202312-153/A.B.
10.04.03

Efni: Lýsing - Deiliskipulag - Blöndustöð - Húnabyggð

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Húnabyggðar er barst 15. desember þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að deiliskipulagi fyrir Blöndustöð í Húnabyggð.

Í greinargerð kemur fram að Landsvirkjun áformar frekari nýtingu falls á núverandi veituleið Blönduvirkjunar, frá Blöndulóni að Gilsárlóni skammt ofan Blöndustöðvar, þar sem að markmið verkefnisins er að fullnýta til orkuöflunar allt að 69 m fall á veituleið Blöndu frá Blöndulóni að inntakslóni Blöndustöðvar.

Kostir þessa verkefnis felast meðal annars í því að fyrir hendi er miðlað rennsli, gott aðgengi er að viðkomandi svæði auk samþættingar við núverandi rekstur.

Auk þess segir að fyrirhugað sé að reisa allt að þrjár virkjanir á veituleiðinni: Kolkuvirkjun, Friðmundarvirkjun og Þramarvirkjun. Uppsett afl virkjananna þriggja yrði alls um 31 MW og myndu viðkomandi virkjanir auka orkugetu raforkukerfisins um 194 GWh/ári.

Fram kemur í greinargerðinni að skipulagssvæðið skiptist í nokkra hluta og nær það yfir Blöndustöð og tengd mannvirki. Skipulagið nær yfir fjögur svæði, þar sem kjarnasvæði þess nær yfir Gilsárstíflu til norðurs en afmarkast af Gilsá og Blöndu, um 8 km². Önnur þrjú svæði ná yfir fyrirhugaðar virkjanir á veituleiðinni auk núverandi Friðmundarstíflu, Fiskilækjarstíflu, Kolkustíflu og Blöndustíflu, 6-8 km² hvert svæði. Í greinargerð lýsingar er afmörkun hvers skipulagssvæðis sýnt á myndum 2-5, en stofnunin bendir á að gott væri ef öll svæðin væru einnig afmörkuð á mynd 1, sem sýnir allt svæðið frá Blöndulóni að Blöndustöð.

Umhverfismat

Í greinargerð segir að við umhverfismat deiliskipulagsins verði stuðst við fyrirliggjandi matsskýrslu virkjana á veituleið Blönduvirkjunar og álit Skipulagsstofnunar¹.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um í greinargerð lýsingar þá umhverfisþætti sem á að skoða og settar fram matsspurningar og viðmið.

Að mati Umhverfisstofnunar mun tillagan hafa áhrif vatn, votlendi, fuglalíf, vistgerðir, jarðveg, svæði á náttúruminjasrá, loftslag, loftgæði, landslag og ásynd.

¹ [Matsskýrsla](#) og [álit Skipulagsstofnunar](#)

Votlendi

Umhverfisstofnun bendir á að innan skipulagssvæðisins er votlendi sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruvæðingabæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýna nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Að mati Umhverfisstofnunar getur skipulagstillagan valdið raski á votlendi sem nýtur sérstakrar verndar og getur því haft neikvæð áhrif á það.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um votlendið í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask votlendisins sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Auk þess bendir stofnunin á mikilvægi þess að framkvæmdir valdi ekki þurrkáhreifum, en ýmsar framkvæmdir eins og vegagerð geta valdið fyrirstöðu og þurrkáhreifum.

Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun, fram þarf að koma hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á því og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Umhverfisstofnun bendir einnig á aðgerðaráætlun stjórnvalda í loftslagsmálum þar sem eitt af markmiðunum er vernd og endurheimt votlendis.

Stefna sveitarfélagsins varðandi vatnsvernd og náttúruvernd

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að þar sem að tillagan getur haft áhrif á vatn og lífríki þess, votlendi, loftslag, og líffræðilega fjölbreytileika að það komi fram í tillögunni hver sé stefna sveitarfélagsins um vernd og endurheimt þessara þátta. Auk þess er mikilvægt að ofangreind stefna og markmið sé höfð sem viðmið í umhverfismatskýrslu.

Ásýnd og rask

Þar sem tillagan gerir ráð fyrir töluverðum framkvæmdum á óröskuðu landi er mikilvægt að halda raski í lágmarki og hugað sé að mótvægisáðgerðum og endurheimt vistgerða og votlendis.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að allar byggingar falli vel að svipmóti og einkenni lands eins og kostur er. Í umfjöllun um umhverfis- og menningargæði í landsskipulagsstefnu segir að mikilvægt sé að huga að ásýnd og yfirbragði nýrra mannvirkja í dreifbýli og hvernig þau falla að umhverfi sínu. Einstök mannvirki geta orðið áberandi í landi því að oft sést vítt yfir til sveita.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að í 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „Við hönnun vega, virkjana, verksmiðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem

best að svipmóti lands. Við mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu leyfisumsókna vegna slíkra framkvæmda skal taka afstöðu til þessa atriðis.”

Stjórn vatnamála

Umhverfisstofnun bendir á að lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála hafi verið innleidd með gerð vatnaáætlunar Íslands 2022 - 2027². Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögnum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Lögin ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árósavatn, strandsjó, lón og jökla).

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að skipulagsáætlanir sveitarfélagsins séu í **samræmi** við þá stefnumörkun sem kemur fram í vatnaáætlun sbr. 28. gr. laga um stjórn vatnamála þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, segir að *opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.* Jafnframt vill stofnunin benda á vefsíðuna www.vatn.is þar sem hægt er að allar upplýsingar um stjórn vatnamála

Mikilvægt er að ofangreint komi fram í greinargerð tillögunnar þar sem gert er grein fyrir þessu. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að í greinargerð tillögunnar séu listuð upp vatnshlotin sem framkvæmdin nær til. Gera þarf grein fyrir því hvaða vatnshlot eru röskuð og hver þeirra eru óröskuð (náttúruleg). Í þessu samhengi bendir Umhverfisstofnun á það að einhver af þeim vatnshlotum sem eru innan fyrirhugaðs áhrifasvæðis eru á bráðabirgðalista yfir mikið breytt og manngerð vatnshlot³. Framkvæmdaraðili þarf að meta þau áhrif sem framkvæmdin mun hafa á öll vatnshlot innan svæðisins samkvæmt þeim gæðabáttum og viðmiðunarmörkum sem eru sett fram í vatnaáætlun Íslands 2022 - 2027. Ef áhrifamatið leiðir í ljós hnignun eða mögulega hnignun á umhverfismarkmiðum vatnshlotanna þarf framkvæmdaraðili að sækja um heimild til stofnunarinnar til breytingar á vatnshloti skv. 18 gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Umhverfismarkmið vatnshlota eru lagalega bindandi og sýna þarf fram á að þau náist skv. lögum um stjórn vatnamála. Má ástand vatnshlota ekki rýrna, hvorki tímabundið né varanlega.

Mat á umhverfisáhrifum

Umhverfisstofnun bendir á að álit Skipulagsstofnunar um matskýrslu framkvæmdar lá fyrir í lok október 2014 en framkvæmdir hafa ekki hafist. Skv. 1. mgr. 28. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana skal framkvæmdaraðili eða viðkomandi leyfisveitandi óska eftir álit Skipulagsstofnunar á því hvort endurskoða þurfi umhverfismat

² [Vatnaáætlun Íslands 2022 - 2027](#)

³ Eydis Salome Eiríksdóttir og Fjóra Rut Svavarsdóttir (2023). [Tilnefningarpróf fyrir mikið breytt og manngerð vatnshlot í samræmi við leiðbeiningar Evrópusambandsins](#). Skýrsla Hafrannsóknastofnunar til Landsvirkjunar, HV 2023-40. 29 Bls.

framkvæmdarinnar að hluta eða í heild ef framkvæmd hefst ekki innan tíu ára frá því að álit Skipulagsstofnunar um umhverfismat framkvæmdar liggur fyrir.

Stofnunin bendir sveitarfélaginu og framkvæmdaraðila á að hafa samband við Skipulagsstofnun og fá úr því skorið hvort að hluti umhverfismats skuli endurskoðaður m.t.t. Vatnaáætlunar og áhrif framkvæmdarinnar á vatnshlot skuli metin.

Umhverfismatskýrsla

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að, eins og kemur hér fram að ofan, umhverfisþættir í umhverfismati séu vatn, votlendi, fuglalíf, vistgerðir, jarðveg, svæði á náttúruminjaskrá, loftslag, loftgæði, landslag og ásýnd með viðeigandi matsspurningum. Auk þess þarf að fjalla um m.a. eftirfarandi viðmiðin, náttúruminjaskrá, lög um stjórn vatnamála og vatnaáætlun vegna vatns, Bernarsamninginn, 61. gr náttúruverndarlaga varðandi vistgerðir, Aðgerðaráætlun stjórnvalda í loftslagsmálum varðandi loftslag og 69. gr. náttúruverndarlaga varðandi landslag og ásýnd.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Hulda Soffía Jónasdóttir

sérfræðingur